

SKÓLANÁMSKRÁ
BARNASKÓLA HJALLASTEFNUNNAR
2021-2022

ALMENNUR HLUTI



Skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar

Útgefin 2021.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf) og birt á heimasíðu skóla.

© Hjallastefnan © Almennur hluti skólanámskrárinnar Hildur Sæbjörg Jónsdóttir og Ruth Margrét Friðriksdóttir

Útgáfustaður: Kópavogur

Ábyrgð: Skólastýrir Barnaskólanna

Útgefandi: Hjallastefnan grunnskólar ehf.
Hæðarsmára 6
200 Kópavogur
netfang: hjallastefnan@hjalli.is
veffang: <https://www.hjalli.is/>

Formáli

Skólanámskrá hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við *lög um grunnskóla*, nú frá árinu 2008 og ákvæði í *aðalnámskrá grunnskóla*, almennum hluta frá árinu 2011 og greinahluta frá árinu 2013. Skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar hefur að geyma sameiginlegt form og sameiginleg meginatriði sem allir barnaskólarnar starfa eftir. Þar sem aðalnámskrá grunnskóla birtir sameiginlega sýn um skólastarf á Íslandi þarf skólanámskrá hvers skóla einnig að endurspeгла slíkt. Hjallastefnan ehf. rekur þrjá Barnaskóla og hafa þeir sameinast um ákveðna samhæfingu í inntaki skólastarfsins í öllum skólunum.

Skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar samanstendur af almennum hluta og kjarnanámskrám. Kjarnanámskránum er skipt upp eftir námssviðum og árgöngum. Þar er að finna námsfyrirkomulag og skipulag náms eftir námssviðum og námsgreinum. Þetta plagg er almennur hluti af hverri kjarnanámskrá og er birt eitt og sér. Í þessum hluta er menntastefna skólanna kynnt og helstu atriði sem skólarnir leggja áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. Jafnframt er að finna útskýringar á helstu stöðum og þeirri hugmyndafræði sem skólastarfið í Barnaskólum Hjallastefnunnar stendur fyrir. Þær þrjár meginstöðir sem námskráin byggir á eru útskýrðar ásamt helstu hugtökum og tengingum. Þá eru skilgreindir þeir fimm þættir sem inntak hvernar kjarnaámskrár er að mestu samsett úr og mynda námsferlið, þ.e. hæfniviðmið; leiðir og námsaðlögun; kynjanámskrá; námsgögn og viðfangsefni; og námsmat.

Sagan

Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum í Garðabæ tók til starfa haustið 2003 og hefur verið starfandi síðan. Skólinn er staðsettur við Vífilstaðavatn og eru útsvæðin rík af náttúrulegum efnivið. *Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík* tók til starfa haustið 2008. Hann var fyrst til húsa í Leikskólanum Laufásborg og síðar við Suðurgötu 14. Haustið 2009 fluttist skólinn í varanlegt húsnæði í Öskjuhlíðinni þar sem hann starfar í náinni samvinnu við Leikskólann Öskju sem er einnig rekinn af Hjallastefnunni. Í barnaskólunum í Garðabæ og Reykjavík starfa börn á yngsta- og miðstigi grunnskóla. *Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði* hóf starfsemi sína haustið 2006 sem útibú frá Barnaskólanum í Garðabæ. Eftir fyrsta starfsárið var sótt um sjálfstætt starfsleyfi fyrir skólann til Menntamálaráðuneytisins og frá haustinu 2007 hefur skólinn verið rekinn sem sjálfstæður barnaskóli fyrir yngsta stig grunnskóla.

Menntastefna skólanna

Barnaskólarnir starfa allir eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar þar sem um er að ræða *námskrá*, svonefnda kynjanámskrá, sem byggir sérstaklega á jafnrétti og veitir börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Kynjanámskráin sem er hluti af þessari námskrá er kennd í sex lotum allt skólaárið, undir hverri námsgrein er að finna lotulykla sem fléttast inn í námsfyrirkomulagið. Barnaskólar Hjallastefnunnar starfa einnig allir eftir svo kölluðum *meginreglum* sem veita skýra sýn á þær leikreglur sem samfélag stefnunnar starfar eftir. Hver skóli skilgreinir einnig eigin útfærslu á skólastarfinu, innan ramma aðalnámskrár, sem markar sérstöðu skólans og hans sérstöku aðstæður. Slíkar skilgreiningar og útfærslur er að finna í starfsáætlun hvers skóla, kennsluáætlunum og á heimasíðum skólanna.

Kynjanámskráin og meginreglur Hjallastefnunnar eru grunnur að öllu jafnréttis starfi og hugmyndafræði skólanna. Hluti hugmyndafræðinnar og sá hluti sem fangar að miklu leyti sérstöðu allra skólanna eru *kynjaskiptingin* (sjá neðar), *skólaföt*, *valsvæði* og *kjarnar*. Til að auka jafnrétti og koma í veg fyrir óþarfa samkeppni starfa öll börn og starfsfólk í Barnaskólunum í *skólafötum*. Þannig styrkist samstaðan, samkenndin og liðsheildin innan skólanna verulega, þar sem fötin eru sýnileg og áþreifanleg skilaboð um að við séum öll í sama liðinu. Daglega eru *valsvæði* í boði þar sem fyrirfram skilgreind verkefni og svæði eru tilgreind í stað frímínútna. Þá velja börn sér viðfangsefni eftir lýðræðislegu kerfi og í framhaldi ræður barnið sjálft ferðinni í leik næstu 60 mínúturnar, án afskipta fullorðinna innan tiltekins ramma. Hugtakið *kjarni* en ekki bekkur eða stofa. Starf skólanna fer að miklu leyti fram á *kjörnum* sem eru starfhæfar og sjálfbærar einingar. Barnakjarnar ráða sér sjálfir á meðan sátt er hjá starfsfólki, börnum og foreldrum. Allt daglegt starf er skipulagt samkvæmt meginreglum, kynjanámskrá Hjallastefnunnar og aðalnámskrá grunnskóla.

Hjallastefnan forðast miðstýringu þeirra sem ekki eru að vinna verkin þar sem þeir eru ávallt of langt frá *kjarnanum* og færir ábyrgð og vald til þeirra sem raunverulega halda á spöðunum. Þannig eru sjálfbærar starfseiningar valdefldar eftir föngum og hver eining heldur sjálfstæði sínu svo lengi sem unnið er að hugsjónum Hjallastefnunnar og sátt ríkir um kjarnaðar niðurstöður. Kjörnun er líka notuð til að finna út hvernig Hjallastefnustarf gengur best fyrir sig þ.e. hvernig ólíkir starfshættir eru sundurgreindir til að finna smæstu starfshæfu eininguna á hverju sviði. Skilgreining þessi á einnig við um vinnuumhverfið sem börn og starfsfólk starfa í en hver eining starfar í rými sem nefnist kjarni. Þá útskýrir kjörnunarhugtakið hvernig Hjallastefnuskóli fjarlægir allt úr starfsemi sinni sem truflar sýnina á innsta kjarna starfsins. Hismið er fjarlægt til að komast að kjarna málsins, raungerðum hugsjónum og nálægð við börnin.

Uppbygging námskrárinnar

Námskráin byggir á þremur stoðum: Grunnþáttum menntunnar samkvæmt aðalnámskrá, meginreglum Hjallastefnunnar og jafnréttishugsjónum Hjallstefnunnar samkvæmt kynjanámskrá.

Grunnþættirnir eru reistir á sex þáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þannig er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir börn til að verða gagnrýnin, virk og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þannig mynda þeir skólabrag sem er sýnilegur og kemur fram í inntaki námsgreina og námssviða.

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá líffsýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru sex, þær eru í skýrri forgangsröð og byggir hver regla á þeirri sem á undan kemur. Hér er ekki átt við að hugsjónir seinni meginreglna séu minna virði en þær fyrri heldur að án árangurs á fyrri stigum verði árangur á hinum síðari ekki eins og til var ætlast. Grunnþættirnir og meginreglurnar mynda heild sem einkenna allt starf skólans og er hver þáttur nátengdur hverri reglu þannig að skýr samhljómur er þarna á milli (sjá neðar).

Þriðja stoðin er svo *Kynjanámskrá Hjallstefnunnar* en hún er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita börnum tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkana sem kynjakerfið setur. Þessi nálgun og hugmyndafræði fléttast að öllu leyti inn í námsfyrirkomulag námssviða og myndar þannig heild sem stuðlar og styður við jafnrétti alla daga.

Lykilhæfni sem byggir á grunnþáttum menntunar tengist öllum námssviðum og tilheyrir einnig námsfyrirkomulaginu. Um er að ræða hæfni í anda grunnþáttanna sem býr börn undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Líkt og kynjanámskráin þá felur lykilhæfni í sér að barnið nái þeirri hæfni sem snýr að því sjálfu og er ætlað að stuðla að alhliða þroska þess. Lykilhæfnin er samkvæmt aðalnámskrá skilgreind í sex flokka en hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Töluverður samhljómur er því við kynjanámskrá Hjallastefnunnar en hann felur í sér menntagildi sem snýr að þroska sjálfsvitundar, samskiptahæfni nemenda, undirbúningi undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Þannig eru hæfniviðmið að hluta skilgreind í lykilhæfni í öllu námi frá upphafi skólagöngu. Hæfni til tjáningar,

gagnrýnninnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

Frekari útskýringar á þessum þrem stöðum, helstu tengingum og námsfyrirkomulaginu er að finna hér á næstu síðum.


Tengsl grunnþátta menntunar við meginreglur Hjallastefnunnar

Þegar eftirfarandi þættir eru skoðaðir saman sést að grunnþættir menntunar eru í meginráttum hin stóru samfélagsmarkmið og meginreglurnar eru í raun hin stóru samfélagsmarkmið Hjallastefnunnar.

<p>Grunnþættir menntunar</p> <p>Læsi Heilbrigði og velferð Jafnrétti Sköpun Sjálfbærni Lýðræði og mannréttindi</p>	<p>Núgildandi <i>aðalnámskrá</i> (2011) setur ramma um skólastarf með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum. Innan þessa ramma hafa verið þróaðir sex grunnþættir sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Í <i>aðalnámskrá</i> segir: „Þeir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum“.</p> <p><i>Lesu nánar um grunnþætti menntunar.</i></p>
<p>Meginreglur Hjallastefnunnar</p> <p>Meginregla 1 - Börn og foreldrar Meginregla 2 - Starfsfólk Meginregla 3 - Umhverfi Meginregla 4 - Efniviður Meginregla 5 - Náttúra Meginregla 6 - Samfélag</p>	<p>Þessar sex undirstöðuhugmyndir útskýra hugsjónir Hjallastefnunnar í starfi, allt frá innsta kjarna sem er barnið sjálft og fjölskylda þess og yfir í samfélagsmarkmið stefnunnar. Þannig mynda þær órofa heild þar sem barnið og fjölskyldan eru fyrst og innst í hringnum. Síðan koma samskiptin, það er að segja starfsfólkið og þau jákvæðu samskipti sem Hjallastefnan vill að umlyki kjarnann í fyrstu meginreglu og þar á eftir kemur umhverfi skólans, einfalt og rósamt með sýnilegum og áþreifanlegum skilaboðum. Umhverfið umlykur bæði börn, foreldra og starfsfólk sem hluti af daglegum veruleika og lokar þar með fyrri hluta meginreglanna. Efniviður og hið opna og skapandi leikefni Hjallastefnunnar eru í fjórða laginu umlukin fimmta hringnum þar sem náttúruhugsjónir okkar eru og loks er lokahringurinn allt samfélagið þar sem lýðræði og agi umlykja allt sem á undan er talið.</p> <p><i>Lesu nánar um meginreglur Hjallastefnunnar.</i></p>

Grunnþættir aðalnámskrár og meginreglur
Hjallastefnunnar fara hér saman.

Hver einasta meginregla á sér samhljóm við hvern
grunnþátt menntunar eins og hann er skilgreindur í
aðalnámskrá grunnskóla.



Inntak kjarnanámskrár

Inntak hvernar kjarnanámskrár er að mestu samsett úr fimm þáttum sem mynda námsferlið. Í upphafi eru hæfniviðmið námsgreina tilgreind og í framhaldi er allt námsferlið sundurgreint þar til því lýkur á námsmati. Um eftirfarandi framsetningu er að ræða á námsferli hvernar námsgreinar:

Hæfniviðmið við lok kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
--------------------------------------	--	---	---------------------------------	----------------

Á næstu síðum eru skilgreindir þeir fimm þættir sem námsferlið samanstendur af, þ.e. hæfniviðmið; leiðir og námsaðlögun; kynjanámskrá; námsgögn og viðfangsefni; og námsmat.



Hæfniviðmið

við lok kjarna

Hæfniviðmiðum mætti líkja við markmið hvers námssviðs (námsgreinar). Við ritun hæfniviðmiða er sjónum beint að námi barna og hvaða þekkingu, leikni og hæfni stefnt er að við lok hvers skólaárs. Vel ígrunduð hæfniviðmið styðja við nám og kennslu og auðvelda börnum og kennurum að greina aðalatriði og aukaatriði.

Samvæmt aðalnámskrá grunnskóla hafa hæfniviðmið (markmið) þróast mikið frá námsmati sem tengist aðallega **þekkingu** yfir í fjölbreyttari viðmið sem gefa til kynna árangur í **leikni** og **hæfni**. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar hefur að geyma mikið af verkfærum sem styðja við nám sem miðar að því að efla **leikni** og **víðtæka hæfni**. Frekari skýringar á þessum hugtökum:

ÞEKking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningaformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

- Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýnni hugsun og faglegri ígrundun.
- Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni (aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni

Hæfniviðmiðin skiptast í sex flokka í samræmi við viðmið hvers aldurs og þau eru skilgreind við lok hvers árgangs.

<i>Öguð vinnubrögð</i>	Skipuleggur vinnu sína
<i>Sjálfstæð vinnubrögð</i>	Getur unnið af sjálfstæði og öryggi
<i>Samskipti og hópefli</i>	Vinnur vel í hóp og sýnir umburðarlyndi og hjálpssemi
<i>Jákvæðni</i>	Sýnir áhuga og gleði gagnvart náminu
<i>Dugnaður og þrautseigja</i>	Lýkur við verkefni
<i>Kjarkur og þor</i>	Sýnir frumkvæði og trúir á eigin getu

Leiðir og námsaðlögun

Námsfyrirkomulag

Í Barnaskólanum er lögð rík áhersla á fjölbreyttar leiðir að því marki að ná hæfniviðmiðum m.a. með samþættingu námsgreina, samkennslu, einstaklingsmiðuðu námi og ólíkum kennsluaðferðum allt eftir því hvað hentar bæði viðfangsefninu, barnahópnum og hverju barni. Unnið er með fjölbreyttan opinn efnivið sem reynir á hæfileika hvers barns til þess að uppgötva nýjar leiðir, ýta undir forvitni, áhuga og leikgleði. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni en undir dalknum um námsfyrirkomulag eru sett fram dæmi um leiðir sem hentað geta viðkomandi hæfniviðmiðum.

Börn í sértækum námsúrræðum vinna eftir einstaklingsáætlun og eru þar af leiðandi með önnur hæfniviðmið en börn í sama árgangi (fer eftir þörfum sem koma fram í einstaklingsnámskrá barnsins). Foreldrar eru ávallt upplýstir um námsúrræði og skipulag ef og þá þegar barnið þeirra er í sértækri námsaðlögun.

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Námsfyrirkomulag

Grunnþættir kynjanámskrár miða að markmiðum og þjálfun hvers barns til skilnings og jafnréttis. Iðkun hennar felur í sér að byggja upp hvert barn án heftandi hugmynda sem samfélagið hefur ákvarðað á grundvelli kynferðis. Þjálfun einstaklings- og félagslegra eiginleika eru í forgrunni alla daga og eru þeir iðkaðir á víxl þar sem skýr forgangröðun í uppsetningu þeirra er forsenda fyrir velgengni á þeim næsta. Kynjanámskráin er birtingarmynd af hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti í sinnu víðustu mynd.

Skólustarfið er kynjaskipt og markmiðið ávallt að gera stúlkum og drengjum jafnhátt undir höfði – mæta ólíkum þörfum barna. Þá er skapað rými svo þau hafi kost á að starfa á eigin forsendum þar sem menning ólíkra hópa er virkt og viðurkennd. **Kynjaskiptingin** með vel ígrundaðri blöndun eða svo kallaðri **uppbótarvinnu** kemur í veg fyrir að hlutverk sem tilheyra hefðbundnum kynjahlutverkum dragi úr tækifærum barna. Með uppbótarvinnu er átt við að kynin þarfnist frekari styrkingar og þjálfunar í einstaklings- og félagsfærni. Þá er sérstaklega horft til þess að stúlkur þarfnist styrkingar í sjálfstæði, jákvæðni og áræðni en félagsfærni þeirra er að miklu leyti styrkt af samfélaginu öllu. Þessu er einmitt öfugt farið í drengjauppeldinu. Þá er sérstaklega horft til þess að þeir þarfnist styrkingar í aga, samskiptum og vináttu.

Öll kynjanámskráin er iðkuð alla daga í skólum Hjallastefnunnar en til frekari áréttingar eru hinir sex þættir námskrárinnar teknir fyrir í lotum allt skólaárið. Undir hverri námsgrein er að finna **lotulykla [L]** sem fléttast inn í námsfyrirkomulag greinarinnar. Loturnar eru útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum þess.

Skólaárinu er skipt í sex kynjanámskrárlotur og er hver lota í fjórar vikur (sjá neðar). Loturnar eru samþættar hæfniviðmiðum, leiðum, viðfangsefnum og námsmati annarra námsgreina með þeim hætti að þær fléttast inn í námsfyrirkomulagið. Um er að ræða heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni sem markviss er kennd samhliða öðrum námsgreinum.

Lotulyklarnir [L] eru eftirfarandi:

Félagslegir eiginleikar	Einstaklingseiginleikar
Lota 1 [L1] Agi – virðing, hegðun, kurteisi, framkoma	Lota 2 [L2] Sjálfstæði – sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning
Lota 3 [L3] Samskipti – umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða	Lota 4 [L4] Jákvæðni – gleði, bjartsýni, ákveðni, hreinskiptni
Lota 5 [L5] Vinátta – félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur	Lota 6 [L6] Áræðni – kjarkur, kraftur, frumkvæði, framtak

Lesið nánar um kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Viðfangsefni

Námshæfni

Opinn efniviður og kennsla án hefðbundinna námsbóka eru í forgrunni. Börn búa til sínar eigin verkefnabækur og stuðlað er að því að verkefnavinna fari fram á sem fjölbreytilegastan hátt og í ólíku formi. Byggt er á frumkvæði og sköpun hvers barns þar sem samspil athafna, myndmáls og samræðna gerir þeim kleift að byggja upp eigin reynslu, þekkingu, leikni og hæfni. Þá er námsumhverfið aðlagð að þroska hvers barns og fjölbreytt námshæfni ávallt í boði. Má þá helst nefna, numicon kubba, einingakubba, einfestukubba, talnabönd, teninga, smáforrit, valdar heimasíður, gæða texta, orðabækur, spil og stafaspjöld. Allt í nærumhverfi skólans sem og samfélagslegar umræður sem ýmist vekja áhuga og forvitni eru tækifæri sem börn og kennarar nýta gjarnan til náms.

Námsmat





Skráning og endurgjöf

Í upphafi hvers skólaárs eru þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar náminu skráð í Mentor. Börnin vinna að þessari hæfni og hún er metin jafnt og þétt. Markmið skólustarfs eru fjölbreytt og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar og í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af barnahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart hverju barni. Það þýðir að meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum.

Dæmi um matsaðferðir eru bein endurgjöf frá kennara, stöðupróf, stöðluð skimunar- og læsispróf, sjálfsmat, mat á verkefnum og þátttöku auk notkunar gátlista, mats- og sóknarkvarða yfir einstök hæfniviðmið. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og niðurstöður þess skrá kennarar í Mentor þar sem þær birtast á hæfnikorti hvers barns. Foreldrar geta fylgst með þróun hæfnikortsins til þess að átta sig á námslegri stöðu barnsins. Mikilvægt er að foreldrar/forráðafólk átti sig á að hæfnimiðað nám og námsmat er ólíkt því sem flest þeirra ólust upp við í sinni skólagöngu og hæfnikort hefur tekið við af hefðbundnum vitnisburðarblöðum sem afhent voru áður fyrr. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá er nú megináhersla á námsframvindu, leiðsögn og meðvitund hvers barns um hvaða hæfni stefnt er að því að ná. En slík nálgun rímar sérstaklega vel við hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Námsmatskvarðinn sem stuðst er við þegar fyllt er í hæfnikort hvers barns í Mentor samanstendur af fjórum táknum. Þau standa fyrir *framúrskarandi; hæfni náð; á góðri leið; og þarfnast þjálfunar*. Nánari útskýringu á hverju tákni er að finna á næstu síðu.

Námsmatskvarði

	Framúrskarandi	Barnið sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til af nemendum í árgangnum. Það sýnir skilning og færni umfram hæfniviðmiðið í ólíkum verkefnum og getur miðlað áfram þekkingu sinni.
	Hæfni náð	Barnið hefur náð tökum á þeirri hæfni sem stefnt er að og getur nýtt hana í fjölbreyttum verkefnum. Hæfni náð telst góður árangur.
	Á góðri leið	Barnið hefur náð meginþorra þeirrar hæfni sem stefnt er að. Með áframhaldandi góðri þjálfun er líklegt að barnið nái tökum á hæfninni.
	Þarfnast þjálfunar	Barnið þarfnast frekari þjálfunar til að ná tökum á þeirri hæfni sem stefnt er að.